

**REGLUGERÐ****um notkun litarefna í lyfjum.**

Frá og með 1. janúar 1983 er notkun azo-litarefna í lyfjum óheimil hér á landi. Eftirtalin azo-litarefni eru notuð í sérlyfjum, sem skráð eru hér.

1. Allura Red AC CI 16035
2. Amaranth CI 16185 E 123
3. Azo Rubin CI 14720 E 122
4. Brilliant Black BN Special Pure CI 28440 E 151
5. D & C Red No. 17 CI 26100
6. Fast Yellow AB CI 13015 E 105
7. Pigment Brown CI 12480
8. Pigment Yellow CI 11680
9. Ponceau 4R CI 16255 E 124
10. Ponceau 6R CI 16290 E 126
11. Red 10B CI 17200
12. Scarlet Red CI 26105
13. Sunset Yellow FCF CI 15985 E 110
14. Tartrazine CI 19140 E 102.

Önnur azo-litarefni hafa CI-númer 11 000—36 999 (CI = Colour Index). Auglýsing þessi er birt með stoð í ákvæðum lyfjalaga nr. 49/1978.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1980.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingólf J. Petersen.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 94/1979.**

Um framlög atvinnurekenda til lífeyristrygginga skv. 20. gr., sbr. 25. gr., og iðgjöld til slysatrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 59/1978.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Lífeyristryggingaiðgjald skal á árinu 1980 vera 2% af gjaldstofni ársins 1979, samkv. 2. gr.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Gjald fyrir tryggingu íþróttamanna, sbr. 29. gr. f-lið, skal fyrir árið 1980 nema 4 000 000.00 kr. alls og greiðast að jöfnu af Íþróttasambandi Íslands og ríkissjóði. Fyrir tryggingar, sem greinir í e-lið sömu greinar, kemur ekkert gjald.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. og 65. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 58/1978.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*

11. desember 1980.

Nr. 624.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun til-  
tekinna eiturefna og hættulegra efna ásamt breytingu nr. 5/1973.

1. gr.

Ný grein, er verði 10. gr. orðist svo:

### VATNSBLÖNDUN METANÓLS

10. gr.

Heimilt er oliuinnflytjendum að selja sem eldsneyti á flugför vatnsblöndur metanóls án þess, að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 131/1971 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa. Heimildin er bundin því skilyrði, að þessar vatnsblöndur metanóls séu tryggilega geymdar og afgreiddar beint í sérstaka geyma í flugförum.

Seljandi skal færa upplýsingar um selt magn metanóls í þar til gerða sölubók, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 419/1976 um breytingu á reglugerð nr. 132/1971 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

2. gr.

10. gr. verði 11. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1980.*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*

20. nóvember 1980.

Nr. 625.

## AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 49/1965 með breytingu samkvæmt auglýsingu  
nr. 32/1966, um starfsemi Íslenskrar málnefndar.

2. gr. reglnanna orðist þannig: Í Íslenskri málnefnd skulu eiga sæti fimm menn, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu a.m.k. tveir þeirra vera kennarar í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands eða starfsmenn við stofnanir háskólans.